

26. Fundur í æskulýðs og íþróttanefnd þann 25. október 07

Mættir Katrín Pálsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir, Hreinn Þorkelsson, Mattías Arnar Þorgrímsson, María Kúld Heimisdóttir, Rafn Júlíus Rafnsson, Ingi Ingason

### 1. Skýrslur forstöðumanna.

X-ið Nýjir forstöðumenn tóku við fyrri part mánaðar. Fóru í skólann og kynntu starfið, opnuðu 15/10, Ekki miklar breytingar til að byrja með, tóku við góðu búi. Stíll, hár og föðrunarkeppni var í gær, undankeppni fyrir aðalkeppni, gekk vel. Undirbúningur hafinn fyrir æskulýðsball, sem verður 8. nóv. Opið 3.svar í viku fyrir eldri, 1.sinni fyrir yngri. Endurnýja mætti tölvur, t.d til að spila músik í stað græja. Vel mætt. Halloween ball var á mánudaginn fyrir yngri krakkana. Guffý og Inga Dalla tilbúnar til að aðstoða við það sem þarf. Ætla að hitta forstöðumenn félagsmiðstöðvanna á nesinu í næstu viku.

Sundlaug Gengur allt sinn vanagang. Ljós í lauginni léleg, á að skipta um. Ljós væntanleg e. c.a. 3. vikur þá verður að loka í 2-4 daga. Vill skipta um ljós í klefum, mjög dýrt að skipta um perur í þeim sem eru, fljótt að borga sig.

Koma aftur á reglu og aga í klefum, halda fund með kennurum og þjálfurum, svo allir fari eftir sömu reglum. Full þörf væri á að ráða manneskju í klefagæslu milli 8-17, ástandið oft erfitt. Aðgengi fyrir sjúkraflutninga í klefa er alveg vonlaust ekki er hægt að koma börum inn og útúr klefum nema með miklum tilfæringum.

Nýta mætti íþróttahúsið undir fleira en gert er í dag, allskonar samkomu, dansleiki, sýningar, tónleika o.fl.

### 2. Ungmennaráð

Ungmennaráðið ætlar að forgangsráða þeim verkefnum sem þau koma til með nota.

Ætla að vinna betur úr þeim hugmyndum,sem komu fram.

### 3. Önnur mál

Tóbaksnotkun á íþróttasvæði, færa reykingar frá inngangi, ekki hefur gengið að banna þær. Nefndin komst að samkomulagi um það að ástandið er óásættanlegt. Forstöðumanni íþróttahúss er falið að koma með tillögur að úrbótum.

Sign

Katrín Pálsdóttir

Margrét Ísleifsdóttir